

Reglur um flokkun viðskiptavina

Samþykkt 30.09.2021 / Ábyrgðaraðili: Regluvarsla

1. Almenn atriði

1.1 Tilgangur og gildissvið

Reglum þessum er ætlað að tryggja að Kvika banki hf. („Kvika“ eða „bankinn“) flokki viðskiptavinum sína í samræmi við lög og að aðeins séu framkvæmd viðskipti sem hæfa flokkun einstakra viðskiptavina.

1.2 Grundvöllur

Reglur þessar eru settar á grundvelli 51. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra laga, einkum ákvæði 45. gr. og 71. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

1.3 Skilgreiningar

Almennur fjárfestir: viðskiptavinur sem er ekki fagfjárfestir.

Fagfjárfestir: viðskiptavinur sem býr yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Eftirfarandi aðilar teljast fagfjárfestar:

- a) Aðilar, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, fjármálastofnanir, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar.
- b) Stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö eftirfarandi skilyrða hvað varðar fjárhæðir, sem miða skal við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni:
 1. Heildartala efnahagsreiknings er jafnvirði 20 millj. evra í íslenskum krónum eða hærri.
 2. Hrein ársvelta er jafnvirði 40 millj. evra í íslenskum krónum eða meiri.
 3. Eigið fé er jafnvirði 2 millj. evra í íslenskum krónum eða meira.
- c) Ríkisstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
- d) Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðilar sem fást við verðbréfun eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti.

e) Aðilar sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar í samræmi við grein 4.1.

Viðurkenndur gagnaðili: þeir aðilar sem nefndir eru í liðum a- til c- í skilgreiningu á fagfjárfestum.

2. Ábyrgð

Starfsmenn sem taka á móti fyrirmælum viðskiptavina um viðskipti með fjármálagerninga bera ábyrgð á að reglum þessum sé framfylgt í verki.

Komi upp vafi við framkvæmd eða túlkun regnanna skal leita álits hjá regluverði.

3. Flokkun viðskiptavina

Við upphaf viðskiptasambands og áður en viðskipti eru framkvæmd skal flokka viðskiptavini í almenna fjárfesta, fagfjárfesta eða viðurkennda gagnaðila.

Veita skal viðskiptavinum upplýsingar á varanlegum miðli um flokkun þeirra, rétt þeirra til að óska eftir að falla í annan flokk og um afleiðingar þess.

Séu starfsmenn í vafa um hvernig flokka skuli viðskiptavin og hvort viðskiptavinur uppfylli skilyrði þess að vera flokkaður sem fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili ber starfsmanni að ráðfæra sig við regluvörð. Ábyrgð á flokkun viðskiptavinar hvílir eftir sem áður á þeim starfsmanni sem framkvæmir flokkunina.

4. Breytingar á flokkun

4.1 Almennir fjárfestar

Almennir fjárfestar geta óskað eftir því að bankinn flokki þá sem fagfjárfesta almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Slík ósk þarf að berast bankanum skriflega á þar til gerðu eyðublaði.

Til að farið verði með viðskiptavin sem fagfjárfesti þarf hann uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:

- a) Viðskiptavinur hafi átt umtalsverð viðskipti á viðeigandi markaði næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi.
 - i. Viðskiptavinur þarf sjálfur að hafa átt umrædd viðskipti fyrir eigin reikning og á eigin áhættu. Sýna verður fram á reynslu í þeim tegundum viðskipta sem ósk viðskiptavinar um að verða fagfjárfestir nær til. Sem dæmi má nefna að ef viðskiptavinur hefur eingöngu átt viðskipti með ákveðna tegund fjármálagerninga en óskar eftir að verða fagfjárfestir í öllum viðskiptum sínum er varhugavert að samþykkja færslu hans á milli flokka þar sem hann hefur þá ekki tilskylda reynslu sem gera má ráð fyrir hjá fagfjárfestum.

Ábyrgðaraðili: Regluvörður

Samþ.: 30.09.2021

Bls. 2 af 5

- ii. Ef viðskiptavinur er lögaðili skal litið til þeirra viðskipta sem framkvæmd hafa verið fyrir hans hönd og fyrir hans reikning. Ekki er litið til persónulegrar reynslu forsvarsmanna lögaðilans. Að öðru leyti gilda ákvæði i) liðar um lögaðila.
- b) Verðgildi fjármálagerninga og innstæðna fjárfestis nemi samanlagt meira en 500.000 evra, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
- i. Líta skal til nettóeignar viðskiptavinar.
 - ii. Með fjármálagerningum er átt við fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu 16. tölul. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.
 - iii. Ef um er að ræða lögaðila skal litið til eigna hans, ekki þess aðila sem kemur fram fyrir hans hönd.
- c) Viðskiptavinur gegni eða hafi gegnt, í að minnsta kosti eitt ár, stöðu í fjármálageiranum sem krefst þekkingar á fyrirhuguðum viðskiptum eða þjónustu.
- i. Viðskiptavinur sem er einstaklingur þarf að hafa haft það að aðalstarfi í a.m.k. eitt ár að meta áhættu af fjárfestingum og bera ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum. Framlínustarfsmenn á verðbréfasviði og í eignastýringu eru þeir sem fyrst og fremst uppfylla þessar kröfur. Aðrir sérfræðingar fjármálafyrirtækja s.s. lögfræðingar og ráðgjafar á öðrum sviðum myndu alla jafna ekki uppfylla þetta skilyrði.
 - ii. Viðskiptavinur sem ekki starfar á fjármálamarkaði getur uppfyllt þetta skilyrði ef viðkomandi hefur haft það að aðalstarfi síðastliðið ár a.m.k. að bera ábyrgð á fjárfestingum og meta áhættu þeim tengda, sbr. t.d. fjárfestingarstjóri hjá lífeyrissjóði eða fjárfestingarfélagi.
 - iii. Ef um er að ræða lögaðila skal litið er til þekkingar þess starfsmanns lögaðila sem ber ábyrgð á fjárfestingum hans og metur áhættu þeim tengdum. Að öðru leyti gilda ákvæði i) og ii) liðar um lögaðila.

Ef viðskiptavinur uppfyllir ofantalin skilyrði skal bankinn leggja sjálfstætt mat á sérfræðikunnáttu, reynslu og þekkingu viðskiptavinar og hvort hún, að mati bankans, veiti nægilega vissu fyrir því að viðskiptavinurinn geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst.

Við slíkt mat er, eftir atvikum, hægt að líta til mats Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis skv. 3. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. reglur nr. 150/2017 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja.

Almennur fjárfestir sem óskar eftir því að vera færður í flokk fagfjárfesta skal leggja fram fullnægjandi gögn til staðfestingar á að framangreindum skilyrðum sé uppfyllt, þ.m.t. eftirfarandi gögn, nema fullnægjandi upplýsingar séu þegar til hjá bankanum:

- a) Staðfestingu á fjölda viðskipta síðastliðna tólf mánuði.

Ábyrgðaraðili: Regluvörður

Samþ.: 30.09.2021

Bls. 3 af 5

- b) Staðfestingu á verðgildi fjármálagerninga og innstæðna.
- c) Vottorð frá vinnuveitanda eða aðra staðfestingu, sem bankinn telur fullnægjandi, á því að viðskiptavinur hafi gegnt stöðu á fjármálamarkaði sem krefst sérþekkingar á fjárfestingum í verðbréfum.

Þá skal á hverjum tíma gera eðlilegar ráðstafanir til að ganga úr skugga um að viðskiptavinur uppfylli í raun skilyrði þess að flokkast sem fagfjárfestir.

Áður en flokkun er breytt skal afhenda viðskiptavininum skýra skriflega viðvörðun um þá réttarvernd og þann bótarétt sem hann kann að verða af við færslu í flokk fagfjárfesta. Viðskiptavinur skal lýsa því yfir í sérstöku skjali að honum sé kunnugt um afleiðingar þess að missa slíka réttarvernd. Skjalið skal ekki vera hluti af samningi viðskiptamanns.

4.2 Fagfjárfestar

Flokkun sem almennur fjárfestir

Fagfjárfestar geta óskað eftir að farið verði með þá sem almenna fjárfesta. Bankinn getur jafnframt framkvæmt slíka breytingu á flokkun að eigin frumkvæði, telji starfsmenn ástæðu til.

Aukin vernd samkvæmt framangreindu verður einungis veitt fagfjárfesti í kjölfar skriflegs samkomulags við bankann þar um. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar.

Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að tilkynna bankanum um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra sem fagfjárfesta. Bankanum ber að grípa til viðeigandi aðgerða, s.s. að breyta flokkun hans að eigin frumkvæði, verði honum kunnugt um að viðskiptavinur uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir því að farið verði með hann sem fagfjárfesti.

Flokkun sem viðurkenndur gagnaðili

Fagfjárfestar, aðrir en þeir sem samþykktir hafa verið sem slíkir í samræmi við grein 4.1, geta óskað þess að farið verði með þá sem viðurkennda mótaðila. Ber þá að fylgja eftirfarandi verklagi:

- a) veita skal viðskiptavininum skýra skriflega viðvörðun um afleiðingar slíkrar beiðni fyrir viðskiptavininn, þ.m.t. um þá vernd sem hann getur glatað,
- b) viðskiptavinurinn skal staðfesta skriflega beiðni sína um meðferð sem viðurkenndur mótaðili, annaðhvort almennt eða að því er varðar eitt eða fleiri tilvik fjárfestingarþjónustu eða -viðskipta eða tegund viðskipta eða afurðar, og að honum sé kunnugt um afleiðingarnar í tengslum við þá vernd sem hann getur glatað vegna beiðninnar.

4.3 Viðurkenndir gagnaðilar

Flokkun sem fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili

Ábyrgðaraðili: Regluvörður

Heimilt er að fara með viðskiptavin sem fagfjárfesti eða almennan fjárfesti ef annars mætti flokka hann sem viðurkenndan gagnaðila, að eigin frumkvæði bankans eða að beiðni viðkomandi viðskiptavinar.

Ef viðurkenndur gagnaðili fer fram á aukna vernd, en óskar ekki sérstaklega eftir að fá meðferð sem almennur fjárfestir, skal farið með hann sem fagfjárfesti.

Viðskipti við gagnaðila

Heimilt er að eiga í viðskiptum við viðurkennda gagnaðila án þess að fullnægja skilyrðum 33.-41. gr., 44.-46. gr. 48. gr. og 1.-2. mgr. 49. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Áður en slík viðskipti eru framkvæmd skal afla fyrir fram staðfestingar um að viðurkenndur gagnaðili samþykki að farið sé með hann sem slíkan í þeim viðskiptum. Heimilt er að afla staðfestingar með almennu samþykki eða sérstöku samþykki vegna einstakra viðskipta.

Viðurkenndum gagnaðila er þó heimilt að óska þess að bankinn fari að framangreindum ákvæðum laga um markaði fyrir fjármálagerninga í viðskiptum sínum við hann. Slík beiðni skal vera skrifleg og í henni skal tekið fram hvort meðferðin sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir skuli gilda um eitt eða fleiri tilvik fjárfestingarþjónustu eða viðskipta, eða eina eða fleiri tegund viðskipta eða afurða.

5. Eftirfylgni

Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.

6. Persónuvernd

Öll vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við flokkun viðskiptavina skal vera í samræmi við persónuverndarstefnu bankans.

7. Breytingar og gildistaka

Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn bankans hefur samþykkt þær.

Samhliða undirritun reglna þessara falla eldri reglur úr gildi.

Samþykkt af stjórn Kviku banka hf. 30. september 2021

Ábyrgðaraðili: Regluvörður

Samþ.: 30.09.2021

Bls. 5 af 5